# Nesfréttir

FEBRÚAR 2022 • 2. TBL. • 35. ÁRG. • *www.borgarblod.is*

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is



Opið

8-24

alla daga

Á EIÐISTORGI

HAGKAUP

Sigvaldi Eggertsson körfuknattleiksmaður og Matthildur Óskarsdóttir kraftlyftingakona.

**Matthildur Óskarsdóttir og Sigvaldi Eggertsson voru kjörinn íþróttamaður Seltjarnarness 2021 í kvenna- og karlaflokki.**

Kjör íþróttamanns Seltjarnarness 2021 í karla- og kvennaflokki fór fram nýverið og var það í 29. skipti en það var fyrst haldið 1993. Kjörið er í umsjón íþrótta- og tómstundanefndar Seltjarnarness, sem vill með kjörinu vekja athygli á gildi íþrótta, öflugu íþróttastarfi á Seltjarnarnesi og verðlauna sérstaklega afreksíþróttamenn úr hópi bæjarbúa.


*Meira á bls. 4.*



**- Viðtal við Þorstein Guðjónsson - bls. 14-15**



Velkomin á Grandann

Nú **sækjum** við og **skilum** bílnum

Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is • **Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30**

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

**ÚTGEFANDI:** Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. **S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298**
**RITSTJÓRI:** Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson
**BLAÐAMAÐUR:** Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Valur Kristjánsson
**NETFANG:** borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is
**Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi**


*Leiðari*

## Lýðheilsuíþrótt

Um 800 manns eru félagar í Golfklúbbi Ness. Álíka fjöldi er á biðlista eftir að gerast meðlimir í klúbbsins.

Golf nýtur sívaxandi vinsælda á meðal fólks á öllum aldri. Eldra fólk er farið að njóta golfíþróttarinnar í auknum mæli á sama tíma og fleiri börn og ungmenni sækjast eftir henni.

Þorsteinn Guðjónsson formaður Golfklúbbsins Ness segir að golfið sé frábær íþrótt þegar litið sé til almennrar lýðheilsu. Í golfinu sé maður fyrst og fremst að keppa við við sjálfan sig. Golfið bjóði einnig upp á hreyfingu og útiveru sem flestir geti nýtt sér. Þar sé einnig að finna góðan félagsskap sem veiti ánægju og gleði.

Landleysi háir golfíþróttinni á Nesinu. Aðeins er um níu holu golfvöll að ræða. Stundum hefur verið rætt um stækkunarmöguleika. Þeir eru tæpast fyrir hendi nema að fara út á land á Vesturvæðunum sem margir vilja varðveita eins og það er. Þar er um viðkvæmt mál að ræða.

Nú hefur Golfklúbburinn Ness tekið í notkun nýja aðstöðu við Austurströnd sem býður upp á golfiðkun um allan ársins hring. Þetta leysir skort á aðstöðuleysi að einhverju leyti og eykur fjölbreytni.

Vert er að hafa lýðheilsuþáttinn í huga þegar kemur að ákvörðunum um framtíð golfsins á Seltjarnarnesi.

# Seltjarnarnesbær nú hluti af HEF

**Af heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins.**

**Seltjarnarnesbær er nú hluti af HEF Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, sem Seltjarnarnes var hluti af, var sameinað öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum þann 1. janúar 2022 og heilbrigðisnefnd svæðisins lögð niður.**

Núverandi leyfi og ákvarðanir á Kjósarsvæði halda gildi sínu en færast undir viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði. Ef sækja þarf um ný leyfi eða endurnýja þarf leyfi skal sækja um það til Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Heilbrigðiseftirlitið hefur einnig tekið yfir umsjón með hundahaldi á Seltjarnarnesi og framvegis er því sótt um leyfi til hins sameinaða heilbrigðiseftirlitsins þar sem ennfremur er að finna samþykkt um hundahald og gjaldskrá.

www.systrasamlagid.is

*„Síðastliðin sjö ár hef ég setið í bæjarstjórn Seltjarnarness og er formaður bæjarráðs og forseti bæjarstjórnar. Ég hef á þessum tíma öðlast mjög góða innsýn í rekstur bæjarins og veit hvar tækifæri eru til að gera betur.“*

# Magnús Örn í 1. sæti

**Prófkjör Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi**
Laugardaginn 26. febrúar 2022

Kosið er í Sjálfstæðishúsinu
Austurströnd 3
kl. 10-18.

- **Bestu skólarnir**
- **Áfram lágar skuldir**
- **Útsvar verði lækkað í 13,5%**
- **Einföld stjórnsýsla og rekstur**
- **Greiðar samgöngur**
- **Aukin þjónusta við elstu íbúa**

# Matthildur og Sigvaldi íþróttamaður Seltjarnarness 2021 í kvenna- og karlaflokki

**Kjör íþróttamanns Seltjarnarness 2021 í karla- og kvennaflokki fór fram nýverið og var það í 29. skipti en það var fyrst haldið 1993. Kjörið er í umsjón íþrótta- og tómstundanefndar Seltjarnarness, sem vill með kjörinu vekja athygli á gildi íþrótta, öflugu íþróttastarfi á Seltjarnarnesi og verðlauna sérstaklega afreksíþróttamenn úr hópi bæjarbúa.**

Sjö tilnefningar bárust nefndinni þetta árið. Jafnframt voru veitt verðlaun til landsliðsfólks, ungs og efnilegs íþróttafólks auk þess sem bikarmeistarar voru sérstaklega verðlaunaðir. Einnig voru veitt verðlaun fyrir félagsstörf.

**Íþróttamenn Seltjarnarness 2021 eru Sigvaldi Eggertsson körfuknattleiksmaður í karlaflokki og Matthildur Óskarsdóttir kraftlyftingakona í kvennaflokki.**

**Tilnefnd til íþróttamanns Seltjarnarness 2021**
**Fv. Sigvaldi Eggertsson, Matthildur Óskarsdóttir, Hannes Grimm, Bríet Kristý Gunnarsdóttir og Katrín Helga Sigurbergsdóttir. Á myndina vantar Pétur Theodór Árnason og Inga Þór Ólafsson.**

Matthildur Óskarsdóttir hefur æft kraftlyftingar með Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur í 8 ár og áður stundaði hún fimleika með Gróttu. Hún varð heimsmeistari ungmenna í klassískri bekkpressu í -84 kg flokki þegar hún lyfti 117.5 kg sem er einnig Íslandsmet í opnum flokki. Hún hefur 4x fengið brons verðlaun á heimsmeistaramótum og silfur á EM í bekkpressu. Matthildur á 31 Íslandsmet bæði í unglinga og fullorðins flokki sem enn standa og hefur sett 107 Íslandsmet í gegnum tíðina.

Matthildur stundar nám í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands, er í nýliðastarfi björgunarsveitarinnar Ársæl auk þess sem hún stundar fjallgöngur, skíði og hjólreiðar af krafti.

Sigvaldi Eggertsson hefur æft körfubolta frá 5 ára aldri, lengst af með KR en er ÍR-ingur þetta keppnistímabilið, áður lék hann með úrvalsdeildarliðinu Obradoiro CAB á Spáni, einni af sterkustu deildum í heimi. Á síðasta ári var Sigvaldi valinn 4x í lið umferðarinnar í Subway deildinni og 2x besti leikmaður umferðarinnar. Hann var að auki valinn besti ungi leikmaður meistaraflokks ÍR og besti sóknarmaður. Það sem af er á yfirstandandi tímabili hefur Sigvaldi verið í lykilhlutverki hjá ÍR-ingum skilað 15 stigum að meðaltali í leik og 6 fráköstum.

Sigvaldi hefur leikið með öllum yngri landsliðum, unnið fjölmarga Íslands- og bikarmeistaratitla. Hann æfir nú með A-landsliði Íslands og bíður spenntur eftir tækifæri þar. Sigvaldi er metnaðarfullur íþróttamaður og stefnir að verða í fremstu röð í sinni íþróttagrein og er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur.

*Tilnefnd til íþróttamanns Seltjarnarness 2021:*

- Ingi Þór Olafson – golf
- Bríet Kristý Gunnarsdóttir – hjólreiðar
- Matthildur Óskarsdóttir – kraftlyftingar
- Sigvaldi Eggertsson – körfuknattleikur
- Katrín Helga Sigurbergsdóttir – handknattleikur
- Hannes Grimm – handknattleikur
- Pétur Theodór Árnason – knattspyrna

**Seltjarnarnes**
*– heimabœrinn minn*

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi 26. febrúar.

# Hildigunnur | 3.-4. sæti

Uppeldis- og menntunarfræðingur

## Kæru Seltirningar!

Við hjónin höfum búið á Nesinu í rúm fjörutíu ár og notið þess að búa í nálægð við náttúruna og gott mannlíf. Börnin okkar þrjú eru fædd hér og uppalin. Þau hafa gengið menntaveginn í leik- og grunnskóla bæjarins, tónlistarskólann, stundað íþróttir með Gróttu og eignast góða vini. Öll eru þau búsett á Seltjarnarnesi þótt komin séu á fullorðinsár og vilja halda áfram að búa hér.

Lífsgæði eru fólgin í því að hafa stutt í skóla og allt íþrótta- og félagsstarf fyrir börn og ungmenni. Við eigum tvö barnabörn Ásbjörn Reyni sem er nemandi í Ungbarnaleikskóla Seltjarnarness og Unni Siggu sem æfir fimleika með Gróttu. Við viljum halda áfram að búa og eldast á Seltjarnarnesi þar sem nærumhverfið er gott, stutt í alla útivist og fólk skiptir máli.

Ég tel mig hafa bæði þekkingu og reynslu fram að færa til að gera samfélagið á Seltjarnarnesi enn betra, sérstaklega í skólamálum, íþróttum og málefnum eldri bæjarbúa. Ég reyni ávalt að vanda til verka í því sem ég tek mér fyrir hendur og muna halda áfram að gera mitt besta.

# Fjögurra skrefa flokkun úrgangs

**Með samræmingu og meiri þéttleika grenndarstöðva myndi endurvinnsla aukast og öllum íbúum yrði kleift að flokka á sama hátt en nýjar lagareglur um meðhöndlun úrgangs taka gildi 1. janúar 2023. Því er óhjákvæmilegt að breyta hirðu úrgangs á höfuðborgarsvæðinu.**

**Breytingar þurfa að verða á flokkun úrgangs.**

Lagt hefur verið til að sveitarfélögin innleiði nýjar aðferðir við flokkun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu í skrefum og kynni þau rækilega fyrir íbúum með umsjón Sorpu auk þess sem áríðandi sé að þau undirriti viljayfirlýsingu um samvinnunna sín í milli. Þetta er meðal þess sem fram kemur í tillögum starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Í því sambandi verði komið uppi neti stærri og smærri grenndarstöðva á svæðinu í öruggri göngufjarlægð og í alfaraleið sem væri ætlað að taka við gleri, skilagjaldsskyldum umbúðum, málmi og textíl. Þá er gert er ráð fyrir að smærri stöðvunum verði dreift um svæðið með um fimmhundruð metra radíus en stærri stöðvarnar allt að kílómetra. Auk framangreinds yrði tekið á móti pappír, pappa og plasti á þeim stöðvum. Þá hefur verið lagt til sveitarfélögin úthluti íbúum sérstökum bréfpokum til að tryggja söfnun lífræns eldhúsúrgangs. Þetta þýðir að ný fjögurra flokka skipting verði tekin upp og við heimili verði settar upp skiptar tunnur fyrir lífrænan eldhúsúrgang, blandað sorp auk pappírs og plasts.

# Önnur gisting en heimagisting óheimil

**Gerð hefur verið breyting á gildandi aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015 til 2033 að önnur gisting en heimagisting sé óheimil í íbúðahverfum.**

Í almennum skilmálum íbúðarsvæða stendur nú að óheimilt sé á íbúðarsvæðum að reka áfengisveitingastaði, sbr. flokk II og III skv. 4. gr. laga nr. 85/2007. Á eftir þessari setningu kemur síðan að óheimilt sé einnig að reka gistingu aðra en heimagistingu á íbúðarsvæðum sbr. 3. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umferðarnefndar með sex atkvæðum og einn sat hjá. Magnús Örn Guðmundsson forseta bæjarstjórnar bókaði að hann teldi skoða þurfi betur aðra kosti en algjört bann, svo sem eins og að heimila gististarfsemi að ströngum skilyrðum uppfylltum. Þar með væri hugsanlega hægt að sætta sjónarmið þeirra sem byggja lífsviðurværi sitt, að hluta eða öllu leyti á gististarfsemi, og þeirra sem telja truflun vera af starfseminni.

D

# Þór Sigurgeirsson
# 1. sæti

## Ég vil framúrskarandi samfélag og fallegt Seltjarnarnes til framtíðar!

Sem stoltur Seltirningur býð ég mig fram sem leiðtoga Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi. Ég hef verið virkur í bæjarlífinu alla tíð og vil leggja mitt af mörkum til að gera samfélagið okkar enn betra. Áherslur mínar eru fjölbreyttar og fela m.a. í sér:

- **Ábyrga fjármálastjórn – lægri álögur.**
- **Grunnþjónusta verður ávallt í forgangi.**
- **Frumkvæði, framtíðarsýn – ný nálgun á bæjarmálin.**
- **Jákvæð, opin og uppbyggileg samskipti.**
- **Íþróttir og lýðheilsa fyrir unga sem aldna.**
- **Aðlaðandi ásýnd bæjarins með viðhaldi og umhirðu.**
- **Umhverfisvænn rekstur – Seltjarnarnes fremst í grænni þróun.**

Ég bið um þinn stuðning í **1. sæti** listans og til góðra verka fyrir Seltjarnarnes.

Þór Sigurgeirsson

Nánar um mig og áherslur mínar: thor.sigurgeirsson og á xdseltjarnarnes.is/thor-saekist-eftir-1-saeti

# Messíana með sýningu í Gallerí Grótta

**Messíana Tómasdóttir opnaði sýningu sína ERKITÝPUR OG VÆNGJAÐAR VERUR í Gallerí Gróttu, 17. febrúar sl. Verkin samanstanda af 18 textílverkum af vængjuðum verum og 16 erkitýpum, bæði sem veggskúlptúrum og leikbrúðum.**

Alla laugardaga kl. 13 flytur Messíana Halla Kristinsdóttir sópran tónverk, sem tileinkað er Erkitýpunum, eftir Rory Murphy við exta Oddnýjar Eir Ævarsdóttur. Börn eru sérstaklega velkomin á sýninguna með fullorðnum en þar er að finna leikbrúður eftir Messíönu sem börnum er velkomið að leika sér að meðan þau skoða sýninguna. Opið virka daga 10-18:30, föstudaga 10-17 og laugardaga kl. 11-14. Sýningin stendur til 19. mars.

Myndir eru sýningaropnunni.

- Lágar álögur
- Ábyrgð og ráðdeild í rekstri
- Einfalda og skilvirka stjórnsýslu
- Velferð eldri borgara
- Leik- og grunnskólar í fremstu röð
- Öflugt íþrótta- og tómstundastarf
- Stutt við íþrótta- og félagasamtök
- Endurnýja götur og gangstéttir
- Auka öryggi gangandi og hjólandi
- Útsvarshækkun færð til fyrra horfs

Standa vörð um vestursvæðin, fuglalíf og efla sjóvarnir

# Hannes Tryggvi Hafstein

## varabæjarfulltrúi

# 2. - 3. sæti

**Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi**
**laugardaginn 26. febrúar 2022**

# Leggjum áherslu á persónulega þjónustu

**Í Héðinshúsinu við Seljaveg má finna einstakt apótek þar sem viðskiptavinir njóta framúrskarandi þjónustu með góðu aðgengi að persónulegri ráðgjöf lyfjafræðinga apóteksins. Lyfjafræðingarnir Margrét Birgisdóttir og Ingibjörg Sigríður Árnadóttir reka Reykjavíkur Apótek ásamt mönnum sínum Ólafi Adolfssyni, lyfsala á Akranesi og Pétri Þorgrímssyni.**

Margrét er frá Siglufirði, gekk í MA og útskrifaðist sem lyfjafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1996. Að námi loknu hóf Margrét störf í Vesturbæjarapóteki sem var á Melhaga um áratuga skeið og starfaði þar í þrjú ár áður en hún flutti sig yfir á markaðsskrifstofu alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Eli Lilly og starfaði þar í sjö ár. Árið 2009 bauðst Margréti spennandi tækifæri til taka þátt í að stofna Reykjavíkur Apótek á Seljavegi 2 og sér hún sannarlega ekki eftir að hafa tekið þátt í því ævintýri. Margrét hefur því verið lyfsali í Reykjavíkur Apóteki frá upphafi eða í nær 13 ár.

Margrét Birgisdóttir og Ingibjörg Sigríður Árnadóttir eigendur Reykjavíkurapóteks.

## Hugurinn leitaði aftur í apótekið

Ingibjörg er alin upp í Seljahverfinu, gekk í MR og útskrifaðist úr lyfjafræði frá HÍ árið 2002. Eftir nám fór hún til starfa hjá Lyfju þar sem hún starfaði í nokkrum apótekum áður en leið hennar lá til Eli Lilly þar sem þær Margrét urðu samstarfskonur árið 2004. Úr varð að þær luku störfum hjá Eli Lilly um svipað leyti. Hún tók sér síðan hlé um tíma frá fastri vinnu eftir að þriðja barnið fæddist en þegar börnin fóru að stálpast kveðst hún hafa farið að leita sér að nýju starfi og hugurinn leitað aftur í apótekið.

## Persónuleg þjónusta

Þær Ingibjörg og Margret eiga nú Reykjavíkur Apótek á Seljavegi til helminga og standa þar vaktina sex daga vikunnar. Þær segja að Reykjavíkur Apótek sé eins konar „kaupmaðurinn á horninu“ ef þannig megi að orði komast. Apótek sem þjóni aðallega íbúum í gamla Vesturbænum og þeim sem starfa þar í nágrenninu. „Við leggjum mikla áherslu á persónulega þjónustu. Reykjavíkur Apótek er lítið einkarekið fyrirtæki og við stöndum sjálfar vaktina. Viðskiptavinurinn getur treyst því að eigandinn er á staðnum og stendur og fellur með þjónustunni alveg eins og hjá kaupmanninum á horninu,“ segja þær. Enginn símsvari er í Reykjavíkur Apóteki heldur svörum við eins fljótt og hægt er. Viðskiptavinurinn er þá kominn í beint samband þar sem reynt er að leysa úr málum hans. Við erum heldur ekki óaðgengileg baksviðs eins og oft í stærri apótekum þar sem lyfjafræðingurinn er gjarnan baka til að taka saman lyf sem fara síðan fram í afgreiðslu og viðskiptavinurinn hvorki hittir né sér lyfjafræðinginn. Við komum jöfnum höndum fram að afgreiða lyfin í hendur viðskiptavina. Þannig verða til nánari tengsl við viðskiptavininn og þjónustan betri.

## Heimsendingarþjónustan mælist vel fyrir

Margrét og Ingibjörg segja þessa þjónustu hafa mælst ákaflega vel fyrir. Rétt eins og heimsendingarþjónustan. „Við höfum frá upphafi boðið upp á heimsendingarþjónustu sem hefur verið vel nýtt og fer vaxandi. Við höfum verið að senda til viðskiptavina á öllu höfuðborgarsvæðinu og náum þannig til stærri hóps viðskiptavina. Það starfa tvær stúlkur í þessu hjá okkur. Þær leggja af stað um miðjan dag áður en síðdegisumferðin byrjar og ná yfirleitt að klára hringinn milli kl. 18 og 19. Því er nauðsynlegt að þeir sem vilja fá lyf send heim samdægurs láti vita af því fyrir klukkan 15. Við höfum eignast marga góða viðskiptavini í öðrum bæjarhlutum í gegnum heimsendingarþjónustuna.“

## Leiðbeina um rétt til greiðsluþátttöku

Eitt af því sem snýr að starfi lyfjafræðinga er að útskýra hvernig greiðsluþátttökukerfi lyfja virkar fyrir viðskiptavinina og getur góð þekking á rétti fólks sparað tugi þúsunda á ári. „Við höfum sett okkur vel inn í þau mál og leggjum okkur fram um að leiðbeina viðskiptavinum okkar um val á lyfjum og þeirra rétt til greiðsluþátttöku hjá hinu opinbera í lyfjum.“

## Þessi með sykursýkina

Í Reykjavíkur Apóteki er einnig mikil þekking á sykursýkilyfjum, Margrét er sjálf með sykursýki 1. „Ég þarf að fylgjast mjög vel með sykurgildum mínum að sprauta mig með insúlíni. Fyrir vikið þekki ég mjög vel til á þessu sviði og get deilt reynslu minni með öðrum sykursjúkum. Það skiptir máli að sá sem afgreiðir einstakling með sykursýki sé vel að sér, meðal annars vegna þess að tæki og áhöld sem nota þarf geta verið mjög mismunandi og erfitt fyrir þá sem ekki þekkja vel til að rata í þessum frumskógi.“

## Grímur, hanskar og heimapróf

Margrét og Ingibjörg segja Kórónuveirufaraldurinn hafa haft áhrif á lyfsölugeirann eins og alla aðra geira samfélagsins. Þó apótek gegni ekki hlutverki varðandi dreifingu bóluefna í faraldrinum hefur sala aukist á ýmsum vörum sem tengjast faraldrinum. Þar megi nefna handspritt, hanska, grímur og nú síðast heimapróf, auk talsverðra áhrifa á heimsendingar sem hafa aukist verulega. „Einkum í byrjun þegar fólk var hræddara en það er í dag við að fara út á meðal fólks og vildi gjarnan komst hjá því. Svo hafa margir verið í einangrun og sóttkví eins og við þekkjum.“

## Þekkjum marga með nöfnum

Þær segja að aðalatriðin í þjónustu þeirra sé að vera alltaf til staðar fyrir viðskiptavininn og leiðbeina og þjóna honum vel. Þær leggja áherslu á að allir sem nota lyf eiga að velja sér sitt apótek til að skipta við, jafnvel að eiga sinn lyfjafræðing sem þekkir til þín og lyfjasögu þinnar. Það tryggi ákveðna samfellu og eftirlit með lyfjagjöf og getur komið í veg fyrir mistök við lyfjatöku. „Við þekkjum marga af okkar föstu viðskiptavinum með nöfnum. Það er stór liður í að veita góða og persónulega þjónustu,” segja þær Margrét og Ingibjörg.

# Ragnhildur Jónsdóttir
# 1. sæti

## í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi 26. febrúar 2022

Taktu þátt í prófkjörinu og tryggðu trausta forystu

# BÓKAÐ MÁL

## *Karnival*

Ég heyri fuglasöng. Þróttmikið tíst sem bergmálar um Eiðistorgið. Tveir starrar sitja á bekk og kallast á. Þeir hafa hrökklast inn undan veðrinu en virðast bara sáttir við lífið og tilveruna. Ég fylgist með þeim og velti fyrir mér hvernig þessi litlu kvikindi komast í gegnum íslenskan febrúar með stormum og snjó sem ætla mig lifandi að drepa og á ég þó bæði íbúð og trefil. Það er hughreystandi að vita af þeim, lifandi sínu lífi þarna úti. Ef þeir geta þraukað gegnum verstu tíðina hlýt ég að geta það líka.

Nú skríðum við undan harðasta vetrinum, vonandi nokkuð heil þrátt fyrir allt. Þorrinn er að baki og Góa, dóttir hans, tekin við. Framundan er langafasta sem hefst um mánaðamótin með bolludegi, sprengidegi og öskudegi. Þessir dagar eiga sér langa sögu og má rekja flest það sem þá tíðkast til kaþólskra siða fyrr á öldum. Auðvitað hefur þó margt breyst, t.d. voru grímudansleikir og kattaslagir áður á bolludegi en ekki öskudegi og fram á 19. öld var hangikjöt á borðum á sprengidag fremur en saltkjöt.

Öskudagurinn er nokkuð sérstök hátíð hvað varðar hefðir og sögu. Askan er tákn iðrunar og sorgar og er heiti dagsins dregið af þeim hressa sið að dreifa vígðri ösku yfir söfnuði svona rétt til að koma fólki í gírinn fyrir föstuna. Það er merkilegt að þessi iðrunardagur sé orðinn að nokkurs konar karnivali með grímubúningum og barnagleðskap. Einnig er áhugaverður sá gamli siður að hengja öskupoka á fólk þeim til háðungar enda er það séríslenskt fyrirbæri.

Þessir dagar koma á besta tíma til að stappa í okkur stálinu eftir mestu vetrarhörkurnar og það er um að gera að njóta hefðanna. Svo vonum við bara að viðri sæmilega á öskudaginn enda fylgja honum átján bræður með sama veðurfari samkvæmt þjóðtrúnni.

Pössum bara að borða ekki yfir okkur af rjómabollum, saltkjöti og öskudagsnammi svo það verði nú örugglega búið að sjatna í okkur fyrir páska.

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta
í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA
S: 562 5999

S: 669 5999
FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

D
Sækjum fram fyrir Seltjarnarnes!
Guðmundur Helgi Þorsteinsson xD
2. - 4. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna

Viðtal við Þorsteinn Guðjónsson

# Golfið er lýðheilsuíþrótt

## - segir Þorsteinn Guðjónsson formaður Golfklúbbs Ness

**Þorsteinn Guðjónsson formaður Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins og ferðamálafrömuður spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Eftir kaffibolla á Örnu lá beinast við að spyrja hann hvenær golfið hafi komið til hans. "Skemmst er frá því að segja að við hjónin byrjuðum aðeins að fikta við það þegar ég var í meistaranámi í Bandaríkjunum. Fórum að læðast út á völl um miðjan daginn þegar fáir voru á kreiki. Við bjuggum í suðurríkjunum og hitinn gat náð allt að 40 stigum yfir hádaginn. Innfæddum fannst erfitt að átta sig á að Íslendingarnir skyldu þola þetta en okkur fannst þetta ágætt að vera næstum ein út af fyrir okkur. Við gengum svo í Nesklúbbinn árið 2005. Við höfum verið virkir meðlimir síðan. Bjargey konan mín hefur verið í kvennanefnd og ég fór í stjórn klúbbsins fyrir um tveimur árum. Ég tók svo við formennsku af Kristni Ólafssyni á aðalfundi í nóvember á liðnu ári."**

Þorsteinn Guðjónsson formaður Golfklúbbs Ness og ferðamálafrömuður.

Þorsteinn segir mikinn áhuga á golfi á Íslandi. Golf hafi verið í miklu vexti undanfarin ár. „Golf er frábær íþrótt sem fólk á öllum aldri getur iðkað og keppt í óháð getu þar sem iðkendur fá forgjöf tengdri sinni getu hverju sinni. Samt verður að segjast að golf er ekki ást við fyrstu sýn þó svo að þetta líti út fyrir að vera nokkuð einfalt og boltinn liggi kyrr á jörðinni þegar höggið er tekið. Það getur reynt á þolinmæðina að komast af stað, en þegar yfir þröskuldinn er komið fjölgar góðu höggunum og ánægjan eykst. Golf er líka frábær íþrótt þegar litið er til almennrar lýðheilsu. Í golfinu er maður fyrst og fremst að keppa við við sjálfan sig. Golfið býður upp á hreyfingu og útiveru sem flestir geta nýtt sér en ég lít fyrst og fremst á golfið sem félagsskap. Þar liggur ánægjan og gleðin."

### Aukinn áhuga yngri kynslóðarinnar

Þorsteinn segir að nú séu um 800 manns í Nesklúbbnum og enn fleiri á biðlista sem sé einsdæmi á landsvísu. "Það er virkilega gaman hversu mikill áhugi er að vera í Nesklúbbnum, enda sé frábær félagsandi í klúbbnum. Það er verkefni stjórnar og starfsmanna klúbbsins að nýta það landsvæði sem við höfum til afnota sem best þannig að sem flestir geti notið þess í sátt við aðra umferð, náttúru og dýr. Þessi mikla ásókn kallar á áskorun að koma fleirum að, en vissulega þurfi að huga að mörgum þáttum. Það er virkilega gaman að sjá aukinn áhuga yngri kynslóðarinnar. Á liðnu ári réð klúbburinn íþróttastjóra í fyrsta sinn, Stein Baug Gunnarsson sem hefur gert frábæra hluti í barna og unglingaþjálfuninni. Á síðasta ári fékk Nesklúbburinn gæðaviðurkenningu frá Íþróttasambandi Íslands og er orðið eitt af fyrirmyndafélögum sambandsins."

### Að spila golf allt árið um kring

„Við gerum okkar besta að fylgja þeirri þróun sem er í gangi og mæti aukinni eftirspurn í að geta spilað golf í golfhermum innanhúss yfir vetrartímann," segir Þorsteinn. „Nú er svo komið að tækninni hefur fleygt mikið fram og gæðin í inniaðstöðunni hefur stóraukið áhugann á því að spila golf í hermi. Vöxturinn í uppbyggingu golfherma á Íslandi er einstakur og er golfíþróttin á miklum krossgötum hér á landi þar sem iðkendur geta í auknum mæli stundaði íþróttina allt árið. Það er aldrei að vita með að golfið uppskeri á komandi árum líkt og knattspyrnan gerði í kjölfar knattspyrnuhúsanna. Undan farin ár hefur klúbburinn boðið upp á inniaðstöðu í Risinu á Eiðistorgi, en sú aðstaða var gjörsamlega sprungin. Því var opnuð á dögunum stórbætt aðstaða á Austurströnd 5. Við erum virkilega stolt að geta boðið félagsmönnum Nesklúbbsins og öðrum golfáhugamönnum upp á þessa frábæru aðstöðu. Það er ekki annað hægt en að minnast á þátt sjálfboðaliða klúbbsins í uppbyggingu þessarar glæsilegu aðstöðu, en hún er ómetanleg." Þorsteinn minnir á að nú styttist í næstu sumarvertíð á golfvellinum. „Því er í nógu að snúast og verkefnin mörg. Metnaðurinn er mikill í klúbbnum og við viljum byggja undir það góða starf sem unnið hefur á undanförnum árum.

Það eru spennandi tímar fram undan hjá Nesklúbbnum"

### Vesturbæingur og síðan Nesbúi

En hver er maðurinn Þorsteinn Guðjónsson að öðru leyti. "Ég er Þorsteinn en er oft kallaður Doddi. Þetta er ákveðið sérkenni og ég gengst alveg við því. Ég er ekki langt að kominn. Ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík. Á Kaplaskjólsvegi fyrstu 11 árin. Hjartarkjör var litla búðin við hliðina á raðhúsunum. Þetta var áður en hverfisbúðirnar hurfu aðrar en Melabúðin. Maður hljóp þangað eða út á Ægissíðuna í Neskjör á víxl. Þetta voru heimahagar. Svo fluttum við á Lindarbrautina á Seltjarnarnesi. Foreldrar mínir bjuggu þar allt til þau fluttu á Grandaveg fyrir nokkrum árum. Konan mín heitir Bjargey Aðalsteinsdóttir og er að kenna hóptíma í Hreyfingu en er í fullu starfi sem kennari við Valhúsaskóla. Ég var þar sjálfur sem krakki og nú eigum við þrjá drengi sem hafa alist upp hér. Við tengjumst því Nesinu ágætlega. "

Þorsteinn var mikið í íþróttum. Bæði fótbolta og handbolta með KR. Hann segist hafa fengist við eitt og annað í gegnum tíðina. Bæði tengt íþróttum og hreyfingu en einnig tekið virkan þátt í ferðamálum. "Við hjónin stofnuðum til dæmis líkamsræktarstöðina Þokkabót í Frostaskjólinu sem við seldum fjórum árum síðar. En um einu ári eftir að við komum henni á fót fór ég í ferðamálin. Ég hóf störf sem markaðsstjóri hjá Samvinnuferðum 1996 hjá Helga Jóhannssyni þeim mæta manni sem fór allt of snemma. Við Helgi urðum miklar mátar og stofnuðum Sumarferðir saman 2003. Hann var hugsjónamaður, alþýðlegur og vildi að sem flestir gætu ferðast. Það var mjög lærdómsríkt að vinna með honum. Svo keypum við Úrval Útsýn og ég varð framkvæmdastjóri þar."

### Ferðaáhuginn á rætur í íþróttunum

Frá Samvinnuferðum og Úrval Útsýn lá leið Þorsteins til Icelandair. Hann gerðist sölustjóri fyrir Svíþjóð, svo svæðisstjóri í Bretlandi og Mið Evrópu. Síðar einnig Norður Ameríku. "Með því fékk ég að kynnast öllu leiðakerfi félagsins úti á erlendu mörkuðunum. Þetta var kraftmikið og skemmtilegt umhverfi að starfa í. Flugið byggir á stöðugum breytingum. Ég hef stundum spurt mig af hverju ég leiddist út á þessa braut. Ég held að það eigi rætur í uppeldinu í íþróttunum. Það er ekki ósvipað

**Nesvöllurinn er sannkölluð perla á Seltjarnarnesi.**

að vera með rekstur í ferðageiranum og íþróttalið. Það þarf að undirbúa hvert tímabil og það geta oft verið miklar breytingar, sem oft byggja á því hvað andstæðingurinn gerir og einnig ytri aðstæðum. Í ferðamálunum skiptir krónan miklu máli. Mikil áhætta er í ferðageiranum þótt ekki þyrfti að burðast með krónuna á bakinu. Þennan örsmáa og óstöðuga gjaldmiðil sem getur sveiflast og breytt stærðum fram og til baka. Hún hefur gríðarleg áhrif. Eftir störf hjá Icelandair náði ég tæpu ári sem sölustjóri hjá WOW air. Það var virkilega gaman að koma þar inn, virkilega fjörugur vinnustaður svo ekki sé meira sagt. Ferðaiðnaðurinn er mjög líflegur og skemmtilegur."

## Fór að selja tryggingar en ferðageirinn togaði í

Þegar flugið tók enda hvað gerðist þá. "Það er gaman að segja frá því að ég fór í Vörð og varð sölustjóri þar um tíma. Fór að selja tryggingar. Það var góður lærdómur. Vörður er frábærlega vel rekið fyrirtæki, gott starfsfólk og góður starfsandi. Svo fékk ég boð um að koma aftur í ferðageirann. Það var frá Iceland Travel, fyrirtæki sem starfað hefur við að fá erlenda ferðamenn til landsins. Þá fann ég vel hversu ferðabakterían er föst í mér. Ég tók því boði og er þar í dag að fást við skemmtileg verkefni."

## Þarf að móta stefnu í ferðaþjónustu

Eftir þau áföll sem ferðaþjónustan hefur orðið fyrir. Fall WOW air og síðan heimsfaraldurinn sem stöðvaði nær öll ferðalög um tíma. Verður hún nokkurn tíma aftur eins. Þorsteinn segir að ef til vill verði hún ekki eins en hún eigi marga möguleika. "Ferðaþjónustan hefur verið ein af stoðum efnahagslífsins í landinu. Málið snýst um hvaða innviði við viljum byggja upp. Hvernig ferðaþjónustu við viljum skapa og hafa. Ísland hefur náð að skila af sér góðri upplifun. Það hefur búið til þann vöxt sem við höfum upplifað og á því þarf að byggja. Ferðaþjónustan fór svolítið úr böndunum. Óx mjög hratt án þess að hugað væri nægilega vel að innviðunum. En þar kemur líka vandamál sem er ef til vill ekki auðleyst. Það er íslenska eðlið. Við erum svo sjálfstæð. Ísland byggist í grunninn upp á því að hingað komu smákóngar sem voru að flýja undir einni kórónu í samfélagi þeirra. Við erum örugglega með í grunninn ákveðið blóð sem kallar á sjálfstæði. Þess vegna er erfitt að gera okkur fastar skorður og við teljum okkur geta "reddað" hlutunum. En samt sem áður tel ég að marka verði ákveðna stefnu. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvernig við viljum sjá ferðamannalandið Ísland líta út eftir áratug eða jafnvel tvo þannig að við getum farið að taka stóru ákvarðanirnar í þessum mikilvæga málaflokki."


# Dagbjört Snjólaug

## 2. sæti

**Ég bið um þinn stuðning í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi þann 26. febrúar**

# Lífsgæðin eru leiðarljósið

Ragnhildur Jónsdóttir.

Seltjarnarnesbær er eitt fallegasta sveitarfélag landsins. Því veldur nálægðin við náttúruna, fjallasýnin, fjaran, friðsældin og fjölbreytt fuglalífið. Hér er eftirsóknarvert að búa. Tækifæri til útivistar og heilsubótar eru hér allt um kring. Vel hefur tekist að tryggja aðgengi að náttúrunni án þess að ganga á náttúrugæði. Mikilvægt er að svo verði áfram þannig að komandi kynslóðir fái einnig að njóta einstakrar náttúrunnar.

## Grunnþjónusta til fyrirmyndar

Það er ekki síður gott að búa á Seltjarnarnesi vegna þjónustunnar sem bærinn veitir. Ábyrg fjármálastjórn og traustur rekstur eru forsendur þess að hægt sé að veita framúrskarandi grunnþjónustu. Seltjarnarnesbær býr að mjög hæfu starfsfólki og mikilvægt er að tryggja góðan aðbúnað þess og starfsánægju. Þannig höldum við í hæfileikafólk sem veitir bæjarbúum góða þjónustu á öllum sviðum. Einnig þarf að virða vilja bæjarbúa og auka íbúalýðræði og endurmeta þjónustuna reglulega.

## Fyrstu skólastigin í fremstu röð

Nú stendur til að byggja nýjan leikskóla til að bæta aðstöðu og aðbúnað leikskólabarna og starfsmanna leikskólans. Auk þess verður plássum fjölgað til að mæta þörfum í vaxandi bæjarfélagi. Brúa þarf bilið frá lokum fæðingarorlofs fram að upphafi leikskólavistar og stefna að því að börnin komist í leikskóla við 12 mánaða aldur. Einnig þarf að fjölga valkostum foreldra og kanna mismunandi rekstrarform á leikskólum. Skólar á Seltjarnarnesi hafa verið í fremstu röð sé litið til árangurs nemenda. Brýnt er að skólaþróun sé í takt við tímann og að tryggð séu gæði og gagnreynd vinnubrögð. Líðan nemenda þarf ávallt að vera í fyrirrúmi þannig að hver og einn megi blómsta á eigin forsendum.

## Hugað að heilsu og lífsgæðum

Öflugt og fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf er mikilvægur liður í forvörnum og heilsueflingu. Sama má segja um líflegt félagsstarf fyrir eldri borgara þar sem farsæl öldrun er í fyrirrúmi. Hlusta þarf vel eftir óskum þeirra sem þiggja þjónustuna. Seltjarnarnes á að vera samfélagslega ábyrgt sveitarfélag þar sem vel er hugað að loftslagsmálum. Öllum líður betur í snyrtilegu og fallegu umhverfi. Það eru mikil lífsgæði fólgin í því að búa á Seltjarnarnesi. Ég legg áherslu á að lífsgæðin verði leiðarstefið á næsta kjörtímabili.

*Ragnhildur Jónsdóttir*
*hagfræðingur og varabæjarfulltrúi*

# Fyrirliðinn skiptir máli!

Þór Sigurgeirsson.

Kæru Seltirningar,

Það hefur vafalaust ekki farið framhjá mörgum að ég vil verða leiðtogi Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi. Hvatning fjölda fólks, hugur minn og hjarta urðu til þess að ég ákvað að bjóða mig fram 1. sæti í prófkjörinu um næstu helgi. Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun!

Undanfarnar vikur hef ég farið víða um Nesið og spjallað við ótrúlega marga bæjarbúa sem mér hefur þótt einstaklega ánægjulegt. Ég hef rölt um öll hverfi bæjarins og lagt mig fram um að banka hjá eins mörgum og ég hef getað til að sýna mig og sjá framan í íbúa. Alls staðar hef ég upplifað góðar viðtökur og jákvætt samtal sem mér þykir virkilega vænt um. Einnig svo gaman að sjá hversu margt ungt fólk er flutt inn í eldri fasteignir og eru að gera þær að sínum. Mörg þessara húsa kom ég inn í sem strákur.

Í samtölum mínum heyri ég hvar víðast ákall um viðhald gatna, leiksvæða og mannvirkja bæjarins, ég er sammála og vil að ásýnd bæjarins okkar sé aðlaðandi. Viðhald kostar en að fresta getur margfaldað kostnaðinn og skapað óþarfa pirring. Unga fólkið er eðlilega með spurningar um leikskólamál og framkvæmdaáætlun nýs leikskóla. Fólk er einhuga um fókus á lýðheilsu allra aldurshópa. Minna fer fyrir spurningum um fjármálin enda hafa bæjarbúar skilning á að bærinn er vel rekinn og skuldahlutfall innan marka. Traust og ábyrg fjármálastjórn er ávallt lykilatriði.

Ég stend fyrir jákvæð og uppbyggileg samskipti og mér er mikið kappsmál að þjónusta bæjarfélagsins sé alltaf fyrsta flokks. Starfsfólk bæjarins veitir nú þegar úrvals þjónustu, oft á tíðum undir miklu álagi svo ekki sé minnst á Covid 19. Það á skilið jákvæða endurgjöf og hrós! Ekki má gleymast að í svo litlu bæjarfélagi sem okkar eru mörg verk á fárra höndum enda viðfangsefnin flest þau sömu og hjá hinum stærri. Með samvinnu og áframhaldandi innleiðingu stafrænna lausna getum við aukið hagræðingu og skilvirkni í þjónustu bæjarins öllum til hagsbóta.

Það er kraftmikil ára yfir okkur Sjálfstæðismönnum á Seltjarnarnesi og góður hópur hæfileikaríkara einstaklinga býður fram krafta sína í þágu bæjarfélagsins. Með bjartsýni og jákvæðni fer ég fullur þakklætis og auðmjúkur inn í lokasprett þessarar prófkjörsbaráttu. Ég hef fundið að það er ákall eftir fyrirliða með þau persónueinkenni og tengsl sem ég bý yfir og þá ábyrgð vil ég axla.

Kæru Seltirningar, ég bið um sterkt umboð ykkar í 1. sætið og til að leiða öflugt, samtaka lið Sjálfstæðismanna næsta kjörtímabilið.

*Þór Sigurgeirsson*

# DAGSKRÁ MARS 2022

## GALLERÍ GRÓTTA - SÝNING

**Messíana Tómasdóttir** sýnir **ERKITÝPUR OG VÆNGJAÐAR VERUR;** veggskúlptúra og leikbrúður.
Messíana Halla Kristinsdóttir flytur tónverkið Erkitýpur **alla laugardaga kl. 13** meðan á sýningu stendur. Lag: Rory Murphy og texti: Oddný Eir Ævarsdóttir.
Sýningu lýkur 19. mars.

## SPURNINGAGETRAUN

## 2. mars
## ÖSKUDAGUR

Starfsfólk bókasafnsins tekur vel á móti syngjandi glöðum börnum á öskudaginn.

## 5. mars kl. 11 - 14

### FÖNDUR
**HARRY POTTER BÓKAMERKI**

Sæunn barnabókavörður býður börnum og fjölskyldum þeirra upp á skemmtilegt föndur.

## 7. mars kl. 20 - 22

### SELGARNANES OG NÁGRENNI

Áhugafólk um hannyrðir hittist, hjálpast að og deilir hugmyndum. Allir velkomnir. Nánar á FB: **SelGARNanes og nágrenni**

## 7. mars kl. 19:30 - 20:30*

### BÓKMENNTAKVÖLD

**Hlín Agnarsdóttir** les upp úr og fjallar um bók sína **Meydómur**.
„Saga sem rífur í hjartarætur lesandans."
*– Rúnar Helgi Vignisson*

**ATH! 7. mars er mánudagur*

## 9. mars kl. 17:00 - 17:30

### SÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN

Lesnar verða sögurnar **Snuðra og Tuðra verða vinir** eftir Iðunni Steinsdóttur og **Engan asa Einar Áskell** eftir Gunillu Bergström.

## 16. mars kl. 17:00 – 18:00

### FYRIRLESTUR FYRIR FORELDRA

- Uppeldis- og tengslaráðgjöf
- Stuðningur við foreldra
- Líðan og hegðun barna

## 19. mars kl. 11:30-12:30

### LESIÐ FYRIR HUND
**Vigdís vinir gæludýra á Íslandi**

Börnum býðst að lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti.

Skráning: **saeunn.olafsdottir@seltjarnarnes.is**

## 24. mars kl. 17:00 – 18:30

**GALLERÍ GRÓTTA - SÝNINGAROPNUN**
Samsýning. **Þorgerður Jörundsdóttir**, **Ásdís Arnardóttir** og **Kristbjörg Olsen** sýna verk þar sem áhersla á náttúru og umhverfi birtist með ólíkum en tengdum hætti.
Sýningu lýkur 30. apríl

## 24. mars kl. 17:30 – 18:00

### TÓNSTAFIR
**Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Seltjarnarness.**

**Bókasafn Seltjarnarness**

Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17. Lau. 11-14.
Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is
Bókasafn Seltjarnarness

# Besta þjónustan - lægstu skattarnir

Magnús Örn Guðmundsson.

Í prófkjöri okkar Sjálfstæðismanna 26. febrúar mun framboðslisti okkar taka miklum breytingum frá síðustu kosningum. Ég er eini bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins sem hyggst halda áfram. Við þurfum að stilla upp sigurstranglegum lista og velja nýjan oddvita. Eftir sjö ár í bæjarstjórn og fjögur ár sem formaður bæjarráðs og forseti bæjarstjórnar hef ég öðlast mikilvæga reynslu í málefnum bæjarfélagsins og veit hvar tækifæri liggja. Ég er bjartsýnn á að ná fimm manna meirihluta aftur.

## Erfiðir tímar að baki

Á síðustu misserum hafa margvíslegar áskoranir blasað við Seltjarnarnesbæ líkt og öðrum sveitarfélögum. Mikil hækkun launa opinberra starfsmanna og hækkun lífeyrisskuldbindinga hafa verið afar krefjandi og heimsfaraldur þyngt róðurinn enn frekar. Vel hefur tekist að stýra sveitarfélaginu í gegnum þessar áskoranir og aukning skulda er hófleg. Skuldaviðmið Seltjarnarnesbæjar er með því lægsta sem gerist en lág skuldastaða og skynsemi í fjárfestingum er algjör forsenda framfara.

## Viðspyrna framundan og skattalækkanir

Eftir umrót síðustu missera horfir til bjartari tíma. Mun bjartari. Atvinnuleysi á Nesinu slagaði í 10% á síðasta ári, var um 6% um mitt ár og var tæplega 4% í árslok. Sterkur hagvöxtur er framundan og tekjur íbúa hækka. Íbúum mun fjölga með tilkomu Gróttubyggðar og mögulegri uppbyggingu á „bensínstöðvarreitnum“. Þar gætu risið íbúðir fyrir eldri íbúa bæjarins og þannig losnað um stærri eignir og yngra fjölskyldufólki fjölgað enn frekar. Á næsta kjörtímabili munu tekjur bæjarins því styrkjast verulega á sama tíma og gjöld ættu að vera í jafnvægi. Markmið mitt er að útsvar verði komið í 13,5% undir lok kjörtímabils og fasteignaskattur lækki enn fremur úr 0,175% í 0,15% sem fyrst.

## Hver skal stefna til 2026?

Á næstu árum mun Seltjarnarnes aftur verða draumasveitarfélagið, með bestu grunnþjónustuna og lægstu skattana. Hér verða áfram bestu skólarnir með besta starfsfólkið. Börn fái inngöngu í leikskóla frá 12 mánaða aldri. Elstu íbúum verði tryggðir auknir valmöguleikar í heimaþjónustu. Götur og stígar verði endurnýjaðir markvisst og greiðar samgöngur tryggðar. Stjórnsýslan verði með því besta sem þekkist og ánægja Seltirninga endurspeglist í þjónustukönnunum. Miðbærinn verði aftur blómlegur vettvangur verslunar og þjónustu. Vestursvæðin verða alltaf bæjargersemi okkar sem við stöndum tryggilega vörð um og umgöngust af alúð. Seltjarnarnes verður ekki eitt af eftirsóknarverðustu bæjarfélögum á landinu - heldur það eftirsóknarverðasta.

*Magnús Örn Guðmundsson, viðskiptafræðingur og forseti bæjarstjórnar, býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðismanna 26. febrúar 2022*


FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16

220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.

kl. 11-16

Bergsteinar legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði

sími: 537-1029, www.bergsteinar.is


# Framúrskarandi bær

Svana Helen Björnsdóttir.

Seltjarnarnes er einstakt bæjarfélag sem hefur allar forsendur til að vera framúrskarandi. Til að svo megi verða þarf að standa vörð um stöðu Seltjarnarness sem sjálfstæðs bæjarfélags. Það er mikilvægt að íbúar geti fengið innan bæjarmarkanna þá þjónustu sem heimilin þarfnast að jafnaði daglega. Í mínum huga eru nokkur grundvallaratriði sem þarf gæta vel að.

Stjórnendur bæjarins eiga að vera vökulir yfir hag bæjarbúa. Það á að vera gott samband milli stjórnenda bæjarins og bæjarbúa. Bæjarbúar skulu eiga þess kost að fylgjast vel með því sem er á döfinni hverju sinni og gefast tækifæri til að tjá tímanlega afstöðu sína til verkefna sem þá varða. Kapp skal lagt á að stjórn bæjarins sé í góðri sátt við íbúana.

Fjárhagur bæjarins þarf að vera traustur eins og lengstum hefur verið. Ekki skal ráðast í verkefni nema fjárráð leyfi, undirbúa þau vel og framkvæma þannig að fjármunir nýtist sem best. Kappkosta skal að áætlanir standist hvað varðar kostnað, tímamörk og vönduð vinnubrögð.

Sköttum og gjöldum á að stilla í hóf þannig að fólk fái að njóta þess sjálft að ráðstafa sem mestu af aflafé sínu. Útsvar verði áfram í lágmarki og skoðað verði hvort unnt sé að lækka prósentu fasteignagjalda þegar fasteignamat hækkar.

Götur, gangstígar, hjólastígar, leiksvæði og mannvirki bæjarins yfirleitt, eiga ætíð að vera í góðu ástandi, viðhald stöðugt og því vel sinnt. Svæðið yst á Nesinu og fjaran við Seltjörn og landið upp af henni verði kyrrlátt útivistarsvæði fyrir fjölskyldur, fólk á öllum aldri.

Skipulagsmál, sem of oft hafa valdið ágreiningi, verður að leysa í góðu samráði og sátt við bæjarbúa. Stuðlað verði af fremsta megni að því að byggðin við Bygggarða rísi sem fyrst, svo að völ verði á hentugu húsnæði fyrir Seltirninga og hægt verði að taka við nýjum íbúum. Jafnframt verður að forgangsraða þannig að innviðir bæjarins standi undir slíkri framkvæmd og íbúafjölgun.

Tryggja verður greiða för Seltirninga í gegnum höfuðborgarsvæðið með því að fylgjast grannt með því að aukin byggð og fjölgun fólks í vesturbæ Reykjavíkur, þéttingarstefna og andstaða við fjölskyldubílinn hjá ráðafólki höfuðborgarinnar, teppi ekki eða loki mikilvægum samgönguæðum. Framkvæmdir við Borgarlínu, færsla umferðar í stokk og aðrar gatnaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu mega aldrei stofna öryggi samgangna til og frá Seltjarnarnesi í hættu.

Grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli Seltjarnarness hafa lengi verið í fremstu röð, en lengi má gott bæta. Bregðast verður við ábendingum sem fram koma í úttekt Menntamálastofnunar frá 2021 um það sem betur má fara í starfi grunnskólans. Leysa verður húsnæðisvanda leikskólans og bregðast við aukinni eftirspurn eftir dvalarrýmum fyrir börn allt frá 12 mánaða aldri.

Íþróttastarfið njóti áfram öflugs stuðnings enda fátt vænlegra til að stuðla að heilbrigðum þroska uppvaxandi kynslóðar og góðri heilsu íbúa á öllum aldri. Þá verði tómstundastarf ungmenna í Selinu eflt.

Eiðistorg þarf að efla og leitast við að fjölga þar þjónustufyrirtækjum, fegra umhverfið og efna þar oftar til viðburða bæjarbúum til gleði. Kanna þarf möguleika þess að fá meiri tekjur af þeirri vaxandi atvinnugrein sem ferðaþjónustan er orðin. Seltjarnarnes laðar til sín marga erlenda ferðamenn sem m.a. vilja njóta þar útsýnis, útivistar og gistingar.

Hlynna verður betur að eldra fólki í bænum, m.a. í ljósi minnkandi tekna þegar ævistarfi lýkur. Mæta þarf þörfum þessa hóps af skilningi ekki síður en hinna yngri, sem svo lengi hefur verið sinnt með sóma. Félagsstarf eldriborgara þarf að styrkja enn frekar.

Félagsheimili Seltjarnarness hefur alla burði til þess að verða enn mikilvægari samkomu- og viðburðastaður bæjarbúa, auk þess fjölbreytta félagsstarfs sem fram fer í Seltjarnarneskirkju og víðar í bænum. Flýta þarf framkvæmdum við endurbætur á félagsheimilinu.

Loks ber að fagna að langþráður draumur um hjúkrunarheimili í bænum hefur ræst með tilkomu hins vel heppnaða heimilis „Seltjarnar“. Einnig að náttúruminjasafn tekur senn til starfa við Nesstofu. Það er einnig fagnaðarefni að hið sögufræga hús „Ráðagerði“ verður brátt að kaffihúsi, en þess hefur lengi verið beðið af þeim sem leggja leið sína á hinar vinsælu slóðir við Gróttu.

Að lokum vil ég hvetja íbúa til að láta málefni Seltjarnarness sig varða. Ein leið til þess er að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins þann 26. febrúar n.k. – Ég óska eftir ykkar stuðningi.

*Svana Helen Björnsdóttir,*
*verkfræðingur og frambjóðandi í 1. sæti XD á Seltjarnarnesi*

# Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

**Góð þjónusta breytir öllu**

# Sækjum fram fyrir Seltjarnarnes

**Guðmundur Helgi Þorsteinsson.**

Mikil endurnýjun er framundan í forystu Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi og með það að leiðarljósi ég hef ákveðið að bjóða mig fram til að leggja mitt af mörkum til að bæta samfélagið okkar. Rétt er að þakka þeim sem nú hverfa frá störfum í bæjarstjórn og bæjarstjóra. Framundan er tímabil breytinga og með nýju fólki koma nýjar áherslur og ný sýn.

Hröð þróun íslensks samfélags kallar á nýja nálgun á flestum sviðum á Seltjarnarnesi til þess að bæjarfélagið verði áfram í fremstu röð og eftirsóknarverður staður til búsetu, atvinnu, viðskipta, útivistar og daglegs lífs. Mín sýn er að vinna að framförum á öllum sviðum á Seltjarnesi á næstu árum en um leið að gæta að þeim lífsgildum sem einkennt hafa lífið á Nesinu áratugum saman. Ég vil bæta þjónustu við íbúa markvisst, eins og okkur hefur tekist með Jansusarprógrammaði fyrir 65 plús, sem er heilsueflingu eldri íbúa með þátttöku í nýju lífstílsprógrammi. Verkefnið hefur hlotið frábærar undirtektir og hefur skipað Seltjarnaresi í forystusveit sveitarfélaga sem hafa það að markmiði að auka lífsgæði íbúanna.

Við verðum að spyrna við fótum í málefnum eldri borgara á Seltjarnarnesi, þeirra sem búa í óhentugum fasteignum og geta hvergi farið því engar hentugar íbúðir eru til staðar. Við megum ekki vísa eldri íbúum í önnur bæjarfélög því við höfum ekki verið framsýn og hugsað nægjanlega langt fram í tímann. Hækkandi meðalaldur íbúa á Seltjarnarnesi er einnig áhyggjumál og nýrrrar framtíðarsýnar er þörf.

Það þarf að gera gangskör að þróun nýrra tækifæra í nýjum miðbæjarkjarna og gera Seltjarnarnes aðlaðandi fyrir lítil fyrirtæki, svo íbúar geti sótt sér grunnþjónustu í nærsamfélaginu, til að svo megi verða þá er mikilvægt að móta stefnu með breyttu skipulagi og vinna með hagsmunaaðilum að útfærslu nýrra hugmynda fyrir Austurströnd og Eiðistorg.

Það verður líka að horfa til þess að tekjumódel Seltjarnarnesbæjar hefur látið á sjá síðustu 2 ár, einkum vegna áhrifa covid, minna framlags úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk áhrifa af sértækum aðgerðum bæjarins. Tölurnar tala sínu máli, hækkandi meðalaldur þar sem að lífeyrisþegum fjölgar hratt með lækkandi tekjustofnum.

Mikilvægt er að gera átak í viðhaldi og úrbótum í gatnagerð. Það er ekki boðlegt að það fyrsta sem bíður fólks sem ekur inn á Nesið séu holóttar og illa slitnar aðalgötur.

Auk ofangreindra aðtriða set ég fram eftirfarandi stefnumál:

- Áherslu á að Seltjarnarnesbær sé þjónustustofnun með mannauð sem ber að efla og virkja í þágu íbúa og samfélagsins á Seltjarnarnesi þar sem lögð er áhersla samtal og samvinnu við úrlausn mála.
- Öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf sem þjónar fjölskyldum.
- Auka viðhald og fegrun Seltjarnarnesbæjar í góðu samtali við íbúa.
- Koma á fót markvissri viðhaldsáætlun með forgangsröðun svo viti íbúum séu kunn næstu skref, skoða gatnagerðarmál og fegrun hverfa.
- Stuðla að aukinni löggæslu í samtarfi við Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu.
- Virka framtíðarsýn með gerð 5, 10 og 15 ára áætlana með áhættumati, tekið verði tillit til hagrænna þátta, sjálfbærni markmiða og íbúaþróunar.
- Stuðla að stofnun hverfisfélaga sem eflir samtarf og samvinnu íbúa í nærsamfélaginu,
- Tryggja vernd Vestursvæðanna og leggja áherslu á þau sem útivistarvettvang Seltirninga.
- Sjálfbær rekstur verði í forgrunni þar sem áhersla verður lögð á ábyrga fjármálastjórn.
- Efla menningarstarf um leið og félagsheimilið verður endurbætt þannig að viðburðir geti farið innan bæjarfélagsins.

*Guðmundur Helgi Þorsteinsson*

Systrasamlagið www.systrasamlagid.is

# Hannes sækist eftir 2. til 3. sæti

***Hannes Tryggvi Hafstein, varabæjarfulltrúi sækist eftir 2. til 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar í vor***

**Hannes Tryggvi Hafstein.**

Kæri Seltirningur,

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í 2. til 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi sem fram fer laugardaginn 26. febrúar n.k. að Austurströnd 3. Ég er 43 ára gamall og er í sambúð með Katharinu Metlicka frá Sviss. Saman eigum við tvö börn, Andreu 5 ára og Sigurð Erik 8 ára.

Síðastliðin fjögur ár hef ég verið varabæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi og tekið fullan þátt í störfum meirihlutans og öðlast á þeim tíma dýrmæta reynslu og þekkingu á málefnum sveitarfélagsins. Á kjörtímabilinu hef ég verið formaður umhverfisnefndar og heilbrigðiseftirlitsins, varamaður í skipulags- og umferðarnefnd auk menningarnefndar. Ég var formaður Sjálfstæðisfélags Seltirninga, sat í stjórn fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna og Baldurs, félags ungra sjálfstæðimanna á Seltjarnarnesi. Þá hef ég setið í stjórn foreldrafélags leikskóla Seltjarnarness.

Ég legg áherslu á ábyrgð og ráðdeild í rekstri sveitarfélagsins og að staðinn verði vörður um öfluga grunnþjónustu við bæjarbúa sem og forgangsröðun verkefna. Enn fremur að áhersla verði lögð á hátt þjónustustig, einfalda, opna og skilvirka stjórnsýslu og lágar álögur. Leik- og grunnskólar verði áfram í fremstu röð og íþrótta- og tómstundastarf eins og best verður á kosið. Skipulagsmál verði ávallt unnin í sátt við íbúa og umhverfi. Tryggja þarf eldri borgurum öfluga þjónustu, fjölbreitt félags- og tómstundastarf og þeim gert mögulegt að búa sem lengst í eigin húsnæði. Stutt verði áfram við íþrótta- og félagasamtök sem starfa í bæjarfélaginu. Endurnýja þarf götur og gangstéttir, bæta öryggi gangandi og hjólandi og sinna umhirðu, viðhaldi og fegrun bæjarins. Standa þarf vörð um náttúruperluna sem Vestursvæðin eru, strandlengjuna, fuglalíf og efla sjóvarnir. Útsvarshækkunin um síðustu áramót verði færð til fyrra horfs.

Ég hef mikinn áhuga og metnað til að vinna áfram fyrir bæjarbúa næstu fjögur ár með hagsmuni Seltirninga að leiðarljósi og stuðla að því að á Seltjarnarnesi verði áfram eftirsóknarvert að starfa og búa. Á grundvelli framangreinds leita ég eftir stuðningi í 2. til 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í prófkjörinu sem framundan er.

*Hannes Tryggvi Hafstein, varabæjarfulltrúi*

Nesfréttir www.borgarblod.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Sími allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
Sverrir Einarsson
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Sími: 565 5892 & 896 8242

# Svana Helen 1. sæti XD á Seltjarnarnesi

## Framúrskarandi bær!

- **Skólar og leikskóli í fremstu röð**
- **Öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf**
- **Snyrtilegt og vistvænt umhverfi**
- **Traust fjármálastjórn og hóflegar álögur**
- **Tryggar samgöngur til og frá Seltjarnarnesi**

Kæru íbúar á Seltjarnarnesi.
Á þessu vori óska ég eftir stuðningi ykkar í 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins til þess að helga mig því verkefni að efla og bæta Seltjarnarnes. Ég vil vinna í sátt við ykkur og með ykkur svo að Seltjarnarnes haldi áfram að eflast og dafna og verði framúrskarandi bær og fyrirmynd um gott mannlíf á Íslandi.

Ég er verkfræðingur að mennt og stofnaði mitt eigið nýsköpunarfyrirtæki, STIKA, sem ég rak í nær þrjá áratugi. Samhliða aðalstarfi hef ég ávallt gegnt forystustörfum í félagsmálum – nú síðast formennsku í Verkfræðingafélagi Íslands og varaformennsku í stjórn SL lífeyrissjóðs. Síðustu tveimur árum hef ég varið til að ljúka doktorsprófi á sviði áhættugreiningar.

Á starfsferli mínum hef ég setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja, samtaka og stofnana og hef víðtæka reynslu af stjórnun og rekstri fyrirtækja – bæði hérlendis og erlendis. Ég er gift Sæmundi E. Þorsteinssyni, verkfræðingi og lektor við Háskóla Íslands. Saman eigum við synina Björn Orra, Sigurð Finnboga og Þorstein.

Mig langar að endurgjalda allt það góða sem ég hef þegið á Seltjarnarnesi með því að bjóða fram krafta mína, reynslu og þekkingu í þjónustu fyrir samfélagið á Nesinu.

Svana Helen Björnsdóttir

Nánari upplýsingar: https://www.facebook.com/svanahelenbjornsdottir

# Örn Viðar sækist eftir 3. til 4. sæti

Örn Viðar Skúlason.

Eftir að hafa verið formaður Sjálfstæðisfélags Seltirninga undanfarin tvö ár, býð ég mig nú fram í prófkjöri flokksins. Ég vil með því nýta þekkingu mína og reynslu með beinum hætti sem bæjarfulltrúi og stuðla að frekari framþróun bæjarins.

Ég er hagverkfræðingur að mennt, með meistarapróf í fjármálum fyrirtækja og hef víðtæka reynslu af rekstri og stjórnun fyrirtækja. Ég starfa í dag sem fjárfestingastjóri hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og sit í stjórnum nokkurra sprotafyrirtækja. Áherslur mína hef ég sett niður í fjóra flokka.

**1. Sterk fjárhagsstaða er forsenda framfara**

Það hefur verið skýr stefna Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi að halda álögum á íbúa lágum og ég legg áherslu á að við lækkum útsvarið aftur í 13,7%. Rekstur sveitarfélags snýst að miklu leiti um taumhald á útgjöldin, skýr markmið um rekstrarafgang og vel skilgreindar aðhaldskröfur. Ég tel mikilvægt að við náum betri tökum á rekstri bæjarins.

**2. Snyrtilegt umhverfi og fallegur bær**

Seltjarnarnes er fallegur bær, en við getum gert betur. Mikilvægt er að fyrir liggi skýr áætlun um viðhald og endurnýjun gatna, stíga og bygginga. Við þurfum að hafa meiri metnað og gott auga fyrir snyrtilegu umhverfi og skapa skýran farveg fyrir ábendingar frá íbúum um bætt umhverfi.

**3. Fjölskylduvænt samfélag**

Við eigum leik- og grunnskóla í fremstu röð og vel hefur tekist að skapa samfellu í stundatöflu skóla og íþrótta- og tómstundastarfs. Það hefur skapað aukin lífsgæði fyrir fjölskyldufólk á Seltjarnarnesi. Bæta þarf húsakost leikskólans með ábyrgum hætti og stefna að inntöku leikskólabarna við 12 mánaða aldur.

**4. Skýr forysta um framþróun bæjarins**

Þrýsta þarf á greiðari umferð fyrir Seltirninga í gegnum borgina, leiða framþróun Eiðistorgs sem lifandi þjónustukjarna og vinna markvisst að umbótum á þjónustu bæjarins. Þá þarf bærinn að kanna hug bæjarbúa reglulega til þjónustunnar og leggja ríka áherslu á persónulegt viðmót og opin samskipti.

**Taktu þátt og hafðu áhrif**

Ég vil hvetja Seltirninga til þátttöku í prófkjörinu og vonast eftir stuðningi við framboð mitt. Eftir erfið ár þurfum við Sjálfstæðismenn nú á sterkum, samhentum hópi fólks að halda til að hlúa að bænum okkar og styrkja stöðu flokksins á Nesinu.

# Grétar Dór gefur kost á sér í 4. til 5. sæti

Grétar Dór Sigurðsson.

Ágætu Seltirningar!

Ég gef kost á mér í 4.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar og sækist eftir stuðningi ykkar bæjarbúa.

Ég er sjálfstætt starfandi hæstaréttarlögmaður og meðeigandi að Lögfræðistofu Reykjavíkur. Samhliða lögmannsstörfum hef ég setið í stjórnum fyrirtækja og félagasamtaka. Ég bý að mikilli reynslu af úrlausn flókinna álita- og deiluefna, kann að beina málum í réttan farveg og er óhræddur við að taka af skarið. Undanfarin tvö ár hef ég setið í stjórn Sjálfstæðisfélags Seltirninga og öðlast góða innsýn í málefni bæjarins. Auk virðingar fyrir skattfé bæjarbúa eru einstök áherslumál mín þessi.

## Lækkun fasteignagjalda

Hækkun fasteignaverðs hefur verið nær gegndarlaus undanfarin ár. Þrátt fyrir að fasteignaeigendur auki þannig við eigið fé sitt þyngist skattbyrðin en fasteignagjöld reiknast sem hlutfall af fasteignamatsverði. Þetta kemur sérstaklega illa niður á heldri bæjarbúum sem treysta í mörgum tilvikum á lífeyri sér til framfærslu. Nær væri að álagning taki mið af almennri hækkun verðlags.

## Metnaður í umhverfisvernd

Seltjarnarnesbær hefur alla burði til að vera leiðandi í umhverfisvernd. Að mínu mati hefur skort á metnað í þessum efnum. Umhverfismál, ekki síst loftlagsmál, eru brýnasta viðfangefni samtímans og það er kominn tími til að Seltjarnarnesbær taki á þeim af festu.

## Skilvirk stjórnsýsla

Stjórnsýsla bæjarins má að mörgu leyti vera skilvirkari og nýta þarf betur stafræna tækni.

## Sókn í leikskólamálum

Undanfarin ár hefur ungt fólk flykkst á Nesið. Þeirri ánægjulegu þróun hefur fylgt aukinn fjöldi barna á leikskólaaldri. Að mörgu leyti hefur bænum tekist vel til að bregðast við frá ári til árs en nú er tímabært að snúa vörn í sókn. Engin þörf er á milljarða glæsihýsi en hefja þarf byggingu nýs og hagkvæms leikskóla án tafar þannig að vel fari um börnin og okkar góða starfsfólk.

Ég hef búið á Seltjarnarnesi frá æsku og er hreykinn af því góða samfélagi sem okkur hefur tekist að byggja upp. Ég hef metnað til að vinna í þágu bæjarbúa og tryggja að Seltjarnarnes verði áfram í fremstu röð. Ég gef þess vegna kost á mér til að sinna trúnaðarstörfum fyrir bæinn og treysti á stuðning ykkar.

*Grétar Dór Sigurðsson, lögmaður og stjórnarmaður í Sjálfstæðisfélagi Seltirninga*

# Hákon Jónsson í 4-5. sæti í prófkjöri XD

Kæru Seltirningar

Ég heiti Hákon Jónsson og hef ákveðið að gefa kost á mér í 4. til 5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins sem fer fram 26. febrúar næstkomandi.

Ég er 46 ára og hef verið búsettur á Seltjarnarnesi frá árinu 2015, þar sem ég bý með sambýliskonu minni Magneu Ólafsdóttur og eigum við tvær dætur, Önnu Margréti og Birnu.

Ég er með BA gráðu í mannfræði frá Háskóla Íslands og lauk meistaranámi í verkefnastýringu (MPM) frá Háksólanum í Reykjavík. Fyrir ári síðan hóf ég störf hjá Sidekick Health og starfa þar við verkstýringu verkefna, bæði á sviði klínískra rannsókna og stafrænna fjarvöktunarmeðferða. Áður starfaði ég hjá Advania í 9 ár við verkstýringu hugbúnaðarverkefna.

Frá því að ég flutti hingað á Seltjarnarnesið hef ég tekið virkan þátt í starfi Sjálfstæðisfélags Seltirninga sem stjórnarmaður í félaginu árin 2017-2020. Allt síðasta kjörtímabil hef ég setið í umhverfisnefnd bæjarins og einnig í íþrótta- og tómstundanefnd. Áður en ég flutti á Seltjarnarnesið tók ég þátt í starfi Sjálfstæðisfélags Kópavogs og sat í umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs árin 2010-2012.

Mínar áherslur fyrir komandi kosningar eru:

Hákon Jónson.

- Ábyrg og fagleg fjármálastjórnun
- Að skattheimtu verði haldið í lágmarki
- Skynsamleg uppbygging og viðhald innviða
- Framúrskarandi menntastofnanir
- Að íþrótta- og tómstundastarfi ungmenna og aldraðra verði tryggður áframhaldandi traustur grunnur
- Áframhaldandi þróun í stafrænni stjórnsýslu
- Að innleiddar verði lausnir til að umfangsmeta kolefnisspor bæjarins með það að markmiði að draga úr því
- Að samtal við bæjarbúa verði virkara

Ég óska eftir stuðningi ykkar í 4.-5. sæti

*Hákon Jónson.*

# Fjársjóður innviða á Seltjarnarnesi

**Hildigunnur Gunnarsdóttir.**

Við á Seltjarnarnesi viljum geta státað af góðum leik- og grunnskóla með faglegustu og bestu kennarana. Til að svo megi vera verðum við að huga að umgjörð alls skólastarfsins, velja okkur jákvæð viðhorf og hugsa í lausnum. Fræðslumál eru einn stærsti útgjaldaliður sveitarfélaga og framundan eru áskoranir í skólamálum á Seltjarnarnesi. Undirbúningur að byggingu nýs leikskóla er kominn á rekspöl enda var þörfin orðin brýn. Þó verður að þrepa niður byggingaráformin vegna mikils kostnaðar, en við megum samt ekki vera of hikandi að hefja framkvæmdir. Við viljum laða að fjölskyldufólk og því verður uppbygging innviðanna að vera í takt við íbúaþróun svo síður þurfi að grípa til skyndilausna til að bjarga málum. Erfiðleikar við mönnun starfsfólks í leikskólum er ekki bundið við Seltjarnarnes og þann vanda þarf að hugsa í stærra samhengi. Aðbúnaður og kjör grunnskólakennara verða í brennidepli á næsta kjörtímabili. Allir verða að eiga þar rödd í skólasamfélaginu og virðing verður að vera borin fyrir ólíkum sjónarmiðum.

Íþróttir og lýðheilsa allra aldurshópa er verkefni sem á að sinna af alúð og þar hefur margt verið vel gert undanfarin ár. Sérstaklega ber að geta bættrar aðstöðu í íþróttahúsi bæjarins og algjörri byltingu í aðstöðu til fimleikaiðkunar. Við höfum alla burði til að geta verið með gott íþróttastarf fyrir börn og unglinga og afreksfólk í fremstu röð ef svo ber undir. Góð aðstaða, vel menntaðir þjálfarar, þrautseigja og jákvætt hugarfar iðkenda til hreyfingar eru lykilatriði. Seltjarnarnes sem íþróttabær á að vera ein af ímyndum hans sem við viljum halda í heiðri.

Mikilvægt er að móta heildræna stefnu í málefnum eldri bæjarbúa með þátttöku þeirra. Að virðing sé borin fyrir skoðunum þeirra, þekkingu og reynslu. Stefnan verður að ganga út frá því að eldri bæjarbúar eru fjölbreyttur hópur á mismunandi aldursskeiði. Sumir vilja taka þátt í hefðbundnu félags- og tómstundastarfi, aðrir vilja nýta fyrri þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu eða leita sér að tómstundum og námi á netinu. Svo þurfa einhverjir meiri stuðning við að halda eigið heimili og enn aðrir nýta sér þjónustu hjúkrunarheimilisins.

Ég mun leggja metnað minn í að vinna vel að ofangreindum málefnum sem og öðrum sem mér verður falið nái ég kjöri.

*Hildigunnur Gunnarsdóttir,*
*uppeldis- og menntunarfræðingur og varabæjarfulltrúi*

# Valdið kemur frá íbúum

**Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir.**

Kæru Seltirningar, ég gef kost á mér í 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi í prófkjöri sem fer fram þann 26. febrúar nk. í sal Sjálfstæðisfélags Seltirninga að Austurströnd 3, 3. hæð. Ég ákvað að taka þetta skref vegna þess að í mér býr kraftur sem ég vil nýta til góðra verka fyrir bæjarfélagið sem ég hef dáðst að allt frá því við maðurinn minn festum kaup á okkar fyrstu eign hér fyrir 10 árum síðan. Ég er með mikið keppnisskap og það veit fólkið í kringum mig. Einmitt þess vegna líður mér mjög vel á Nesinu. Hér búa kröfuharðir íbúar og hér er veitt framúrskarandi þjónusta. Alltaf má þó gera betur. Ég bý yfir metnaði til að ná árangri og vil hafa hlutina í lagi í kringum mig. Á þessum tíu árum hef ég betur áttað mig á stórkostlegri staðsetningu bæjarins með stórbrotna náttúru á vesturssvæðinu sem þarf að varðveita. Halda þarf í opin svæði á Nesinu og gera þau aðgengileg. Þá eru skólamálin mér hugleikin enda sjálf móðir þriggja barna á mismunandi skólastigum. Leikskóli Seltjarnarness er nauðsynleg þjónusta fyrir samfélagið allt og því mun ég leggja áherslu á að byggingu nýs leikskóla verði hraðað svo unnt sé að tryggja fyrirsjáanleika við inntöku barna og sjá til þess að starf hjá Leikskóla Seltjarnarness sé samkeppnishæft. Ég hef lengi brunnið fyrir hugsjónum um frelsi einstaklingsins og frjálst framtak og mín gildi passa mjög vel við sjálfsstæðisstefnuna. Ég vil skapa umhverfi og aðstæður fyrir fólk til að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd og hef ég þá sérstaklega Eiðistorg í huga enda vel staðsettur kjarni sem ætti að nýtast betur undir þjónustustarfsemi. Þá hef ég fulla trú á að stafræn stjórnsýsla auðveldi kröfuhörðum íbúum lífið og innleiði nýjar lausnir til að veita opinbera þjónustu. Skynsemin vegur þungt í minni dómgreind en nái ég góðri kosningu mun ég leggja mig fram um að tryggja lága skatta, ábyrga fjármálastjórn, fallegt umhverfi, betri þjónustu með stafrænum lausnum, hagsmunagæslu gagnvart nágrannasveitarfélaginu í samgöngumálum til og frá bænum, fjölþætta heilsueflingu og framúrskarandi skóla og samfellu við íþrótta- og tómstundastarf.

Valdið kemur frá ykkur kæru íbúar. Tökum saman höndum og tryggjum sigurstranglegan lista Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

*Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir, býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi*

# FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

## AFLÉTTINGAR

Þrátt fyrir að fjöldi covidsmitaðra séu í hæstu hæðum þessa dagana þá hafa yfirvöld gefið út að hilli undir aflétting og er það vel. Þannig að nú förum við af stað enn eina ferðina, full bjartsýni á að nú sé þetta búið.

## DAGSKRÁIN

Öll námskeiðin okkar eru komin í eðlilegt horf, sumir nota þó grímur ennþá og allir vara valega og passa upp á sóttvarnir. Nú vinnum við okkur eftir dagskránni eins og hún hefur verið með föstu liðunum og bætum svo inn öðrum viðburðum. Hvetjum við því fólk til að kíkja við á Skólabrautinni og kynna sér dagskrána, einnig má fylgjast með í Morgunblaðinu á hverjum degi í dálkinum fólkið/félagsstarf eldri borgarar bæði í blaða og netútgáfu. Einnig er síða á fb sem heitir eldri borgarar á Seltjarnarnesi þar sem alltaf kemur yfirlit yfir það helsta sem er í gangi.

**Dagskrá í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut:**

Félagsvist fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 13.30
Bingó annan fimmtudag í mánuði kl. 13.30
Jóga/leikfimi alla mánudaga og fimmtudaga kl. 11.00
Boccia alla miðvikudaga kl. 10.00
Handavinna, samvera og kaffi alla mánudaga og miðvikudaga kl. 13.00 – 16.00
Söngur alla föstudaga kl. 13.00
Kaffikrókur alla morgna milli kl. 9.00 og 11.30
Leirnámskeið alla mánudags og miðvikudagsmorgna milli kl. 9.00 og 12.00
Námskeið í bókbandi alla fimmtudagsmorgna milli kl. 9.00 og 12.00
Helgistund annan þriðjudag í mánuði kl. 13.30.

**Önnur dagskrá**

Vatnsleikfimi alla þriðjudags og fimmtudagsmorgna kl. 07.10 og mánudags og fimmtudagskvöld kl. 18.30.
Billjard í Selinu alla mánudags og miðvikudagsmorgna kl. 10.00
Námskeið í gleri á mánudögum og miðvikudögum á neðri hæð félagsheimilisins kl. 13.00.
Örnámskeið í roði og leðri alla þriðjudaga og fimmtudaga á neðri hæð félagsheimilisins kl. 15.30 – 18.30.
Námskeið í tálgun og útskurði í smíðastofu Valhúsaskóla á föstudögum kl. 9.30.
Pútt í aðstöðu Nesklúbbsins á Austurströnd 5 alla þriðjudaga kl. 10.30.
Dagskrá fyrir eldri borgara síðasta þriðjudag í mánuði og kyrrðarstund í kirkjunni alla miðvikudaga kl. 12.00.
Karlakaffi í safnaðarheimili kirkjunnar alla mánudaga og fimmtudaga kl. 14.00.
Timburmenn koma saman í smíðastofu Valhúsaskóla alla miðvikudaga kl. 13.00.

## LEIKHÚS

Leikhúsferðin sem búið er að fresta í þrígang vegna covid verður nú loks farin fimmtudaginn 3. mars en þá ætlum við að sjá sýninguna ER ÉG MAMMA MÍN? í Borgarleikhúsinu. Biðjum þá sem skráðir voru á fyrri sýningar að endurnýja skráninguna og ykkur hin að skrá ykkur sem fyrst þar sem einungis er um 30 miða að ræða. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig má skrá sig í síma 893 9800.

## GAMAN SAMAN

Miðvikudaginn 16.mars ætlum við að gera okkur dagmun og hafa létt gaman-saman kvöld í salnum kl. 18.00. Fáum til okkar gest eða gesti. Boðið upp á veitingar og annað tilheyrandi. Skráning og nánari upplýsingar um verð og dagskrá verða gefnar út fljótlega. Skráningarblöð koma til með að liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig má skrá sig í síma 8939800 / 5959147.

## LIONS

Fyrirhugað er að þriðjudaginn 22. mars verði spilakvöld Lions í salnum á Skólabraut kl. 19.00, en Lionsmenn hafa boðið eldri borgurum á Seltjarnarnesi í félagsvist einu sinni á ári undanfarin ár. Allir hjartanlega velkomnir.

## BÆJARFERÐ

Í undirbúningi er að fara í bæjarferð og á kaffihús seinnipartinn í mars og verður það nánar auglýst þegar nær dregur.

## JANUS FJÖLÞÆTT HEILSUEFLING 65+

Fjölþætt heilsuefling 65+ fór af stað á miðju síðasta ári og hefur gengið vel þrátt fyrir smá stopp af og til vegna covid. Mikil ánægja hefur verið meðal þátttakenda, en boðið er upp á markvissa hreyfingu undir eftirliti og leiðsögn, fræðslu og heilsufasmælingar. Nú er nýr hópur að fara af stað og hvetjum því áhugasama að kíkja inn á janusheilsuefling.is en þar er bæði hægt að kynna sér það sem í boði er og skrá sig til þátttöku. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta hringt í síma 546 1232 eða í Kristínu í síma 893 9800 og fengið upplýsingar og skráningu.

Félagsstarfið er opið öllum. Enn og aftur hvetjum við fólk til að vera virkt, taka þátt og koma með hugmyndir.

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX | AIR CIRCULATION SYSTEM | LIGHT WEIGHT | ECE NORM R 44/04
HERO | ISO FIX | ADVANCED (SIDE) PROTECTION | 3 POINT BELT
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is
Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavini sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

# Lið fyrir lið

## **Íbúfen**® – verkjastillandi og bólgueyðandi

**Íbúfen 400 mg**, filmuhúðaðar töflur innihalda 400 mg af íbúprófeni. Lyfið dregur úr verkjum, bólgu og hita. Það er notað við vægum til meðalmiklum verkjum eins og höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum og hita. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.**
Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

Teva 028003

teva

# GRÓTTUSÍÐAN

www.grotta.is

## Gróttukrakkar stóðu sig vel

**Grótta átti eitt lið á GK mótinu í öðrum flokki kvenna í hópfimleikum sem fram fór helgina 4. til 6. febrúar.**

Stelpurnar stóðu sig ótrúlega vel. Þær voru með hæstu einkunn í dansi og lentu í öðru sæti á mótinu.

Grótta átti tvö lið á haustmóti í stökkfimi. Eitt karlalið og eitt kvennalið í öðrum flokki. Keppendur stóðu sig einnig mjög vel á því móti.

www.grotta.is

## Emelía til Kristianstad

**Í síðasta mánuði var tilkynnt að hin 15 ára gamla Emelía Óskarsdóttir hefði gert 3 ára samning við sænska úrvalsdeildarfélagið Kristianstads DFF, sem tekur gildi í mars næstkomandi á 16 ára afmæli Emelíu.**

Þetta eru frábær tíðindi og mikil viðurkenning fyrir Emelíu en Kristianstad hefur á síðustu árum verið eitt allra best lið Svíþjóðar. Síðustu tvær leiktíðir hefur Kristianstads endað í 3. sæti sænsku deildarinnar og mun því í annað sinn leika í Meistaradeild Evrópu á komandi keppnistímabili.

Emelía hóf knattspyrnuferil sinn í 8. flokki Gróttu og lék upp yngri flokkana með Gróttu og Gróttu/KR. Hún kom inn í meistaraflokkslið Gróttu í Lengjudeildinni sumarið 2020, þá aðeins 14 ára gömul, og skoraði 1 mark í 13 leikjum. Síðasta sumar fluttist hún til Danmerkur og spilaði með unglingaliðum BSF þar sem frammistaða hennar vakti athygli Kristianstad og fleiri stórliða. Emelía hefur leikið 5 leiki með yngri landsliðum Íslands og skorað eitt mark.

Elísabet Gunnarsdóttir er þjálfari Kristianstad en hún sagði í viðtali í sænskum fjölmiðlum að Emelía væri mjög spennandi framherji og hún fagnaði því að hafa fengið hana til liðs við félagið. Amanda Andradóttir gekk nýverið til liðs við Kristianstad en á síðustu leiktíð léku Sveindís Jane Jónsdóttir og Sif Atladóttir með liðinu.

Emelía kvaðst vera spennt fyrir komandi tímum: „Þetta er rosalega spennandi tækifæri og ég er mjög spennt að takast á við þetta verkefni í Svíþjóð."

Knattspyrnudeild Gróttu óskar Emelíu og fjölskyldu hennar til hamingju með þennan áfanga og hlakkar til að fylgjast með ævintýrum hennar í Svíþjóð.

## Kristófer Melsted framlengir

**Kristófer Melsted hefur framlegt samning sinn við knattspyrnudeild Gróttu út árið 2023.**

Kristófer er uppalinn Gróttumaður en hann á að baki 95 leiki fyrir Gróttu. Hann lék sinn fyrsta leik fyrir meistaraflokk Gróttu árið 2016 og hefur síðustu ár verið einn lykilmanna liðsins en hann lék 20 leiki á síðasta tímabili í Lengjudeildinni og skoraði í þeim tvö mörk. Samningurinn er Gróttu sérstakt fagnaðarefni þar sem Kristófer er mikil fyrirmynd ungra íþróttamanna hjá félaginu, innan sem utan vallar.

## Aufí, Rebekka og Sara í Hæfileikamótun KSÍ

**Gróttustelpurnar Sara Björk Arnarsdóttir, Rebekka Sif Brynjarsdóttir og Arnfríður Auður Arnarsdóttir hafa verið valdar til að taka þátt í Hæfileikamótun KSÍ.**

Stelpurnar eru allar í 4. flokki kvenna, Sara og Aufí eru á eldra ári og Rebekka á yngra ári. Við óskum stelpunum til hamingju með valið og góðs gengis! Grótta er hreykið af því að eiga svona flotta fulltrúa í þessum hóp.

# Frábær tilþrif

**Helgina 4.-6. febrúar fór fram Ákamót HK í 7. flokki drengja og stúlkna. Mótið er elsta mót yngri flokka á landinu og fór fram í Kórnum í Kópavogi.**

Grótta tefldi hvorki fleiri né færri en 12 liðum á mótinu, níu strákaliðum og þremur stelpuliðum. Í stuttu máli má segja að okkar iðkendum gekk frábærlega á mótinu og greinilegt að mikill uppgangur er í handboltanum í Gróttu. Vegna veikinda af völdum Covid hjá þjálfurum 7. flokks, þá gripu frábærir forfallaþjálfarar inn í og gerðu helgina ógleymanlega hjá okkar iðkendum.

Seinasta mót krakkanna í 7. flokki verður gistimót á Selfossi í byrjun maí. Það verður án efa mikil upplifun.

Myndir af mótinu eru teknar af Eyjólfi Garðarssyni.

AÐALFUNDIR

**Aðalfundir aðalstjórnar og deilda íþróttafélagsins Gróttu fara fram fimmtudaginn 31. mars 2022.**

Ósk um framboð til aðalstjórnar eða deilda félagsins skulu berast á netfangið grotta@grotta.is fyrir 10. mars.

Aðalfundirnir hefjast kl. 17:00 og er gert ráð fyrir að þeim sé lokið kl. 18:00.

grotta.is

BETRI BÆR FYRIR BÖRN

Samfylkingin

**Félagsfundur XS á Nesinu miðvikudaginn 23. febrúar klukkan 20:00 í Valhúsaskóla.**

**Heiða Björg varaformaður XS kynnir verkefnið Betri borg fyrir börn.**

# PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFÉLAGS SELTIRNINGA 26. FEBRÚAR 2022

# FRAMBJÓÐENDUR

Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir
2. sæti

Grétar Dór Sigurðsson
4.-5. sæti

Guðmundur H. Þorsteinsson
2.-4. sæti

Hannes Tryggvi Hafstein
2.-3. sæti

Hákon Róbert Jónsson
4.-5. sæti

Hildigunnur Gunnarsdóttir
3.-4. sæti

Magnús Örn Guðmundsson
1. sæti

Ragnhildur Jónsdóttir
1. sæti

Svana Helen Björnsdóttir
1. sæti

Þór Sigurgeirsson
1. sæti

Örn Viðar Skúlason
3.-4. sæti

PRÓFKJÖRIÐ FER FRAM ÞANN 26. FEBRÚAR OG VERÐUR KJÖRSTAÐUR Í FÉLAGSHEIMILI SJÁLFSTÆÐISFÉLAGS SELTIRNINGA AÐ AUSTURSTRÖND 3 Á 3. HÆÐ. KJÖRSTAÐUR VERÐUR OPINN MILLI KLUKKAN 10-18.

UTANKJÖRFUNDUR ER HAFINN Í VALHÖLL EN HÆGT ER AÐ KJÓSA ÞAR Á OPNUNARTÍMA MILLI KLUKKAN 9-16 ALLA VIRKA DAGA.

TIL AÐ TELJAST KJÖRGENGUR ÞARF EINSTAKLINGUR AÐ HAFA NÁÐ 15 ÁRA ALDRI, VERA MEÐ SKRÁÐA BÚSETU Á SELTJARNARNESI OG VERA SKRÁÐUR Í FLOKKINN. HÆGT ER AÐ SKRÁ SIG Í FLOKKIN MEÐ RAFRÆNUM SKILRÍKJUM INNI Á XD.IS